

Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2011

Á aðalfundi PGA á Íslandi sem haldinn var í Hraunkoti laugardaginn 8. Janúar 2011 var stjórn PGA kjörin með einni breytingu. Úr stjórn gekk Björgvin Sigurbergsson eftir 1 ár í stjórn. Ég vil þakka honum fyrir vel unnin störf. Í hans stað kom Jón Þorsteinn Hjartarson. Stjórn PGA á Íslandi var því þannig skipuð á starfsárinu 2011 og skiptust embætti sem hér segir.

Sigurpáll Geir Sveinsson	formaður
Jón Þorsteinn Hjartarson	gjaldkeri
Jóhann K. Hjaltason	ritari
Einar Lyng Hjaltason	menntamál
Ingi Rúnar Gíslason	mótamál

Félagar voru 64 í upphafi árs en telja nú 63. Af þessum félögum eru 7 talsins með aukaaðild. Ný andlit hafa komið inn í félagið og viljum við bjóða nýja meðlimi hjartanlega velkomna í félagið.

Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu og voru haldnir reglulegir stjórnarfundir ásamt nefndarfundum varðandi aðkallandi verkefni. Árið 2011 var stórslysalaust í rekstri félagsins en það er ljóst að við verðum í sameiningu að reyna að auka tekjur félagsins og þá er hægt að framkvæma hluti sem gaman væri að gera reglulega, s.s. tækjakaup, erlendir fyrirlesarar og fleira.

Agnar Már Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri á árinu og sá hann um að framfylgja ákvörðunum stjórnar, daglegan rekstur, fjáröflun í samstarfi við atvinnulífið og aðstoð við daglegan rekstur Golfkennaraskólans. Einnig endurnýjaði Agnar vef félagsins www.pga.is ásamt því að setja upp samskiptavef fyrir Golfkennaraskóla Íslands og kem ég kem að því síðar. Agnar er mikilvægur hlekkur í félaginu okkar og viljum við þakka honum einstaklega vel unnin störf á árinu.

Samstarf PGA og GSÍ

Samstarf PGA og Golfsambands Íslands hefur verið gott á undanförunum árum og að okkar mati er það samstarf að eflast og aukast ár frá ári. Golfsambandið styrkir PGA á ári hverju og viljum við færa þeim þakkir fyrir það. Á síðasta ári starfaði Úlfar Jónsson með afreksnefnd GSÍ að stefnumótun Golfsambandsins og gekk það samstarf mjög vel og í dag er afreksstefna sambandsins mjög skýr varðandi markmið, stefnu, árangur, áherslur og fleira.

Síðastliðið haust ákvað afreksnefndin ásamt sambandinu að ráða Úlfar sem landsliðsþjálfara. Úlfar hóf störf rétt fyrir jól og að okkar mati er hann að gera góða hluti og allt varðandi starfið er mjög skipulagt. Stjórn PGA er ánægð með stefnu Úlfars og sambandsins um að þjálfun landsliðshópana sé að mestu leyti í höndum PGA menntaðra kennara sem eru einnig

að þjálfar þá sem eru í hópunum. Til að gera langa sögu stutta þá er Golfsambandið, Úlfar og þjálfarar okkar bestu kylfinga að vinna sameiginlega að því að gera okkar bestu kylfinga betri. PGA vonast til þess að samstarfið eflist áfram því öll erum við að stefna að því sama, þ.e.a.s. að efla golfíþróttina á Íslandi allt frá byrjendum að okkar bestu kylfingum.

Matsnefnd

Á síðasta aðalfundi var mannaflí matsnefndar PGA endurnýjaður. Í nefndina voru kjörnir þeir Úlfar Jónsson, Jón Þorsteinn Hjartarson og Phil Hunter. Úlfar Jónsson veitti nefndinni formennsku og gerði það mjög vel. Nefndin tók strax til starfa og uppskeran er matskerfi sem við erum að byrja að nota en auðvitað tekur tíma að aðlaga þetta kerfi að íslenskum aðstæðum og bindum við vonir við það að eftir þessi 3 ár í punktasoöfnun verði komið á sanngjarnt punktakerfi sem hvetur félagsmenn til að sækja sér endurmenntun, deila henni með félagsmönnum og taka virkan þátt í starfi PGA á Íslandi. Verkefni matsnefndar er einnig að útnefna kennara ársins og kylfing ársins.

Þekkingarsmiðja PGA

Þekkingarsmiðja PGA hélt viðburði árið 2011 eins og árið á undan. Úlfar Jónsson reið á vaðið og hélt fróðlegan fyrirlestur um hvað fór fram á tutor training hjá evrópska PGA haustið 2010.

Í mars héldum við svo félagsfund í Hraunkoti þar sem matskerfið okkar var rækilega kynnt og mynduðust góðar umræður um kerfið. Það er álit Tony Bennet hjá EPGA að nauðsynlegt sé að hafa svona punktakerfi til þess að félagsmenn staðni ekki og haldi áfram að næla sér í fróðleik og taka þátt í starfi PGA á Íslandi. Á þessum félagsfundi kynnti Jón Karlsson fyrir okkur vefinn sinn www.draumagolf.is Hugmyndin var að veita félagsmönnum aðgang að vefnum sem er gott verkfæri fyrir golfkennara jafnt sem nemendur þeirra. Því miður virtist ekki vera mikill áhugi fyrir þessu verkefni og óljóst hvað verður úr þessu samstarfi.

Í september héldum við fyrsta Ryder Cup keppni PGA. Keppnin fór fram á Hellu og í Þorlákshöfn. Fyrra kvöldið héldu Árni Páll Hansson, Jón Þorsteinn Hjartarson og Nökkvi Gunnarsson mjög góðan og fróðlegan fyrirlestur um „Plane truth golf instruction.“ Það mynduðust miklar og skemmtilegar umræður á þessum fyrirlestri og greinilegt að menn hafa mismunandi skoðanir á hlutunum, enda væri annað óeðlilegt.

Greinar í PGA á Íslandi

PGA á Íslandi gerði samkomulag við golfsambandið fyrir síðasta ár um greinaskrif í Golf Á Íslandi. Þetta samstarf gekk vel og PGA var með greinar um golf og golfkennslu í öllum blöðum á síðastliðnu ári. Við viljum þakka þeim aðilum sem skrifuðu greinar í blaðið á árinu 2011. Við sendum út póst til félagsmanna fyrir skömmu varðandi skrif á þessu ári og voru viðbrögðin nokkuð góð. Það er búið að manna 3 af 5 blöðum fyrir árið 2012 og viljum við

þakka þeim sem buðu sig fram í að skrifa greinar fyrir félagið. Einnig er þetta kjörin vettvangur til að koma sér á framfæri því þetta blað er gefið út í um 16.000 eintökum.

Fríspil PGA meðlima

Undanfarin ár hefur PGA sent vinsamlegt bréf til allra klúbba á landinu varðandi það að leyfa okkar félagsmönnum að spila velli landsins endurgjaldslaust. Flestallir klúbbar tóku mjög vel í beiðni okkar og buðu okkur velkomna. Aðrir takmörkuðu fjölda hringja og viljum við færa öllum þeim klúbbum þakkir fyrir að taka vel á móti okkar félagsmönnum. Ég vil biðja ykkur félagsmenn góðir að ýta undir það í ykkar klúbbum að tekið verði vel á móti PGA félagsmönnum og minni á að upplýsingar um PGA kortin þurfa að berast til þeirra sem bóka rástíma og taka við greiðslum. Einnig vil ég minna ykkur á að láta vita fyrirfram að þið séuð með PGA kort. Stjórn PGA hefur ekki borist nein athugasemd á árinu varðandi fríspil meðlima eða að einhverjum hafi verið hafnað þannig að við lítum svo á að þetta mál sé í góðum farvegi.

Vefmál

PGA færði vefsetur sitt yfir í nýtt og notendavænt vefumsjónarkerfi sem heitir WordPress og er það algengasta vefumsjónarkerfið á markaðinum í dag. Vefurinn hefur því verið uppfærður reglulega ásamt því að nýjar golfréttir frá Sky og BBS birtast á síðunni samhliða því og þær eru skrifaðar. Stjórn PGA leggur á það áherslu að vefurinn verði virkur í framtíðinni. Við tökum alltaf vel á móti fréttaskotum eða öðru sem félagsmenn vilja koma á framfæri því að kylfingur.is og igolf.is fylgjast með vefnum okkar.

Þá var sett upp nýtt vefumsjónarkerfi fyrir skólann sem heitir Moodle og er alhliða kennsluvefur. Hann gerir skólastjórnendum kleift að skipuleggja námskeið, setja fyrir verkefni, taka á móti verkefnum og keyra próf beint í gegnum vefinn. Að sama skapi gerir vefurinn nemendum kleift að halda utan um öll námsgögn og verkefni.

Árสปing PGA 2011

Á árสปingi PGA, sem haldið var í nóvember, var farið yfir þróun mála í Evrópu. Almennt má segja að árið hafi einkennst af bágri rekstrarstöðu golfklúbba. Töluvert tap hefur verið á fjölmörgum klúbbum og sumir þeirra hafa lagt upp laupana. Ástæðan er brottfall kylfinga úr íþróttinni en samkvæmt greiningu KPMG eru það einkum aðilar sem eru með hærri forgjöf en 25. Margir af klúbbunum brugðust við brottfallinu með því að skera niður í rekstri og bitnaði það á umhýrðu vallanna sem aftur leiddi af sér færri félagsmenn sem leiddi til enn meiri niðurskurðar og urðu þá PGA kennarar fyrir barðinu á hnífnum.

Ekki þarf að fjölýrða um það að ráðstafanir á borð við það sem að framan er ritað enda bara á einn veg, viðskiptavinirnir færa sig yfir á velli þar sem umhirðan er góð og kennslan er góð. PGA's of Europe kynnti prógram til að spyrna við þessari þróun. Prógrammið gengur út á það að efla PGA kennara innan klúbbanna og gera þá að viðskiptaþróunarstjórum (Business

Development Managers).

Meginmarkmiðið er að laða að nýja viðskiptavini, tryggja það að þeir fái kynningu og kennslu við hæfi þannig að líkur aukist á að þeir fari fljótt niður fyrir 25 í forgjöf og séu sem styðst í áhættuhóp þeirra sem hverfa frá íþróttinni. Með þessu móti eru PGA kennarar orðnir andlit klúbbanna og lykilaðilar í þeirri viðleitni að tryggja tekjustreymið sem er forsendan fyrir því að öflug starfsemi geti átt sér stað með það að meginmarkmiði að efla golfíþróttina.

Mótamál

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-am mót í samstarfi við GK. Mótið fór fram 23. Júní og heppnaðist í alla staði vel. Við fengum 18 lið til að taka þátt og er það fjölgun um 5 lið frá því í fyrra. Þetta mót er orðinn fastur liður í starfsemi PGA á Íslandi og á bara eftir að stækka og verða vinsælla. Við viljum þakka þeim félagsmönnum sem komu og gerðu daginn skemmtilegan og lærdómsríkan fyrir áhugamennina.

Nýbreytni var tekin upp varðandi meistaramót PGA. Eins og kynnt var á aðalfundi fyrir ári voru spilaðir 4 hringir yfir sumarið og úrslitin úr þessum 4 hringjum skáru úr hver varð PGA meistari 2011. Leikdagar voru valdir með hliðsjón af Eimskipsmótaröðinni þannig að þeir sem spiluðu á þeirri mótaröð gátu nýtt daginn okkar sem æfingahring.

Þátttakan var góð í byrjun en svo dró aðeins úr henni þegar á leið. 3 efstu spilararnir úr meistaramóti PGA skipuðu svo lið Íslands á ITC mótinu sem var haldið samhliða ársþingi PGA í Evrópu. Liðið skipuðu þeir Ólafur Jóhannesson, Sigurpáll Sveinsson og Úlfar Jónsson.

Lið Íslands náði sér aldrei almennilega á strik og enduðu mótið í 23. Sæti af 26 þjóðum. Í þessu móti telja 2 bestu skor hvers dags af þremur. Sigurpáll meiddist snemma á 2. hring og gat ekki spilað eftir það þó að hann hafi reynt.

Í september héldum við svo í fyrsta skipti liðakeppni innan PGA þar sem farið var á föstudegi á Hótel Heklu og gist í 2 nætur. Liðunum var skipt í eldri á móti yngri. Við komu á hótelið hélt Jón Þorsteinn mjög svo skemmtilegt hópeflis námskeið fyrir félagsmenn. Eftir hádegi var keyrt á Hellu og fyrri hringur spilaður í liðakeppninni ásamt því að Úlfar Jónsson og Sigurpáll Sveinsson spiluðu 18 holu umspil um hvor yrði meistari PGA 2011. Úlfar vann það einvígi með því að setja niður um 6 metra þútt á 18. Holu og er því PGA meistari 2011. Um kvöldið héldu svo þeir Árni Páll, Jón Þorsteinn og Nökkvi fyrirlesturinn sem ég nefndi fyrr í ræðu minni.

Seinni daginn var spilað í Þorlákshöfn í frábæru veðri og völlum hefur sennilega aldrei verið betri. Úrslit urðu þau að yngra liðið sigraði með 6 vinningum á móti 2. Það var mat allra að vel hefði tekist til og allir skemmtu sér mjög vel. Vonandi er þessi viðburður komin til að vera en auðvitað má gera þetta með öðrum hætti á næsta ári ef menn vilja. Þessi ferð er frábær vettvangur fyrir félagsmenn til að koma saman og ræða það sem er í gangi í golfkennaraheiminum. Að okkar mati þarf að efla samvinnu golfkennara á Íslandi og ætti þetta að vera góður vettvangur til að styrkja innviði félagsins. Um kvöldið var svo árshátíð PGA haldin og sumrinu slitið með stæl.

Úrtökumótin

Ólafur Már og Þórður Rafn reyndu fyrir sér á úrtökumóti fyrir evrópsku mótaröðina í Þýskalandi. Þórður átti góða spretti en náði ekki í gegnum niðurskurðinn fyrir síðasta dag. Ólafur spilaði hinsvegar stöðugt golf og hafnaði í 31. sæti og var sorglega nálægt því að komast áfram.

Birgir Leifur Hafþórsson fór í úrtökumót fyrir bandarísku PGA mótaröðina í 1. skipti síðastliðið haust. Á 1. Stigi spilaði Birgir stöðugt og gott golf og komst áfram á 2. stigið. Á 2. Stigi mótsins þurfti skor uppá 8 undir til að komast áfram en Birgir endaði mótið 1 undir. Birgir var með þátttökurétt á 2. Stigi úrtökumótsins fyrir evrópsku mótaröðina og spilaði hann á Costa Ballena á Spáni. Fyrsti hringur hans uppá 77 högg var of dýrkeyptur og komst hann því ekki inná lokastigi þrátt fyrir góða spilamennsku síðustu 3 hringi mótsins.

Stefán Már stigameistari 2011

Að lokum má geta þess að Stefán Már Stefánsson varð stigameistari á Eimskipsmótaröðinni árið 2011 og viljum við óska honum til hamingju með árangurinn. Stefán spilaði stöðugt og gott golf í allt sumar og er vel að titlinum kominn.

Að lokum

Árið 2011 var nokkuð gott ár fyrir PGA á Íslandi. Við teljum að PGA á Íslandi sé að verða öflugra félag með hverju árinu en betur má ef duga skal. Ég vil þakka stjórn PGA á Íslandi fyrir vel unnin störf á árinu þar sem verkefnin voru bæði skemmtileg og krefjandi. Við erum lítið en öflugt félag með mjög verðmætan stimpil á okkar nafni og nú ber okkur að standa vörð um félagið okkar og sjá til þess að það haldi áfram að öðlast virðingu innan golfgeirans.

Með vinsemd og virðingu

Sigurpáll Geir Sveinsson,
formaður PGA á Íslandi